

Rekstrarskýrsla fyrstu 4 mánuði ársins 2023

Rekstrarreikningur sveitarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps og B hluta fyrirtækja, að undanskyldum Hitaveitu Brautarholts og Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf., fyrstu 4 mánuði ársins 2023 (1. jan- 30. apríl), sýnir að hagnaður er 2,8 millj. kr. fyrstu 4 mánuði ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði, samanber 9,8 millj. kr. í tap árið áður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2023 Jan. - apr.	2022 Jan. - apr.	%
Rekstrartekjur				
Útsvar og fasteignaskattur		241.039.338	215.445.689	11,88 %
Framlög jöfnunarsjóðs		35.950.392	28.774.807	24,94 %
Aðrar tekjur		65.401.756	61.815.084	5,80 %
		<u>342.391.486</u>	<u>306.035.580</u>	<u>11,88 %</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld		110.636.802	107.888.335	2,55 %
Annar rekstrarkostnaður		15.404.426	13.100.375	17,59 %
Önnur vörukaup		198.493.894	181.424.479	9,41 %
Styrkir		4.085.375	2.114.499	93,21 %
Afskriftir		9.594.468	9.539.192	0,58 %
		<u>338.082.504</u>	<u>314.066.880</u>	<u>7,65 %</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		4.308.982	(8.031.300)	153,65-%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármuna- og verðbótatekjur		188.837	86.081	119,37 %
Fjármagns- og verðbóttagjöld	(1.676.796)	(1.814.503)	7,59-%
Fjármagnstekjuskattur	(41.542)	(15.958)	160,32 %
	(<u>1.529.501)</u>	<u>(1.744.380)</u>	<u>12,32-%</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>2.779.481</u>	<u>(9.775.680)</u>	<u>128,43-%</u>

Tekjur:

Útsvarstekjur hækka um 10,6% fyrstu fjóra mánuði ársins samanborið við sama tímalbil árið 2022, sbr. uppgjörsyfirlit frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um greidda staðgreiðslu til sveitarfélagsins en sjá má þróun útsvarstekna síðustu 5 ár hér að neðan:

Greidd staðgreiðsla til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs						
Sveitarfélag	8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur					
Upphæð	Ár					
Mánuður	▼	2019	2020	2021	2022	2023
01 Janúar		19.025.084	23.216.740	27.562.996	24.429.866	28.195.445
02 Febrúar		19.870.808	18.361.860	19.788.945	22.505.140	24.890.588
03 Mars		25.349.209	22.498.518	23.201.266	27.497.455	29.528.688
04 Apríl		13.783.047	21.947.046	30.562.593	28.231.073	30.916.710
05 Maí		24.063.172	23.163.210	19.641.294	27.150.142	33.107.357
06 Júní		22.476.225	19.261.513	27.420.520	30.817.636	
07 Júlí		25.138.025	24.162.294	25.361.614	24.919.503	
08 Ágúst		21.176.387	26.469.657	24.159.827	32.608.121	
09 September		32.895.237	31.090.691	35.957.026	33.426.251	
10 Október		23.163.601	23.767.960	28.592.183	29.383.090	
11 Nóvember		24.975.446	27.157.155	24.775.534	30.928.242	
12 Desember		26.048.690	29.348.062	28.205.560	34.067.324	
Samtals		<u>277.964.931</u>	<u>290.444.706</u>	<u>315.229.358</u>	<u>345.963.843</u>	<u>146.638.788</u>

Tekjur af fasteignaskatti fyrstu fjóra mánuði ársins eru um 127,5 millj. kr. og hækka um 13% frá sama tíma árið 2022. Framlög frá Jöfnunarsjóði fyrstu fjóra mánuðina eru að hækka um 24,9%.

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld hækka um 2,55% frá sama tíma árið áður. Hækkun 12 mánaða launavísitölu í lok apríl mánaðar er 9,5%. Annar rekstrarkostnaður hækkar einnig á milli ára. Í lok apríl er búið að greiða út styrki fyrir um 4. millj. kr. til einstaklinga og félagasamtaka í formi tómskundastyrks, afsláttar eldri borgara af fasteignaskatti og annara styrkja til félagasamtaka.

Stærsti hluti rekstrarkostnaðar fyrstu fjóra mánuði ársins fer í fræðslu og uppeldismál eða 52,87% af skatttekjum. Mesta hækkun milli ára er í rekstri æskulýðs- og íþróttamála en þar kemur inn rekstur Skeiðalaugar, aukinn tómsundaakstur eftir æfingar og styrkur til Hestamannafélagsins Jökuls.

Málaflokkayfirlit	2022	2023	%	Fjárhagsáætlun 2023
00 Skatttekjur	- 245.561.244	- 278.765.570	13,52%	- 872.903.000
02 Félagsþjónusta	21.716.959	23.488.835	8,16%	87.217.000
03 Heilbrigðismál	-	-	-	920.000
04 Fræslu- og uppeldismál	135.449.036	147.396.107	8,82%	475.424.603
05 Menningarmál	9.668.243	10.616.041	9,80%	33.900.000
06 Æskulýðs- og íþróttamál	11.939.660	16.893.791	41,49%	53.366.800
07 Brunamál og almannavarnir	7.895.720	8.393.532	6,30%	25.691.038
08 Hreinlætismál	4.414.433	5.718.091	29,53%	13.444.500
09 Skipulags- og byggingarmál	12.264.555	7.235.762	-41,00%	- 11.323.000
10 Umferðar- og samgöngumál	14.987.219	15.682.009	4,64%	29.663.000
11 Umhverfismál	194.378	715.136	267,91%	7.663.000
13 Atvinnumál	3.913.786	4.097.592	4,70%	17.666.000
20 Framlög til B hluta fyrirtækja	-	-	-	2.500.000
21 Sameiginlegur kostnaður	36.573.658	38.770.788	6,01%	96.952.000
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	901.842	460.827	-48,90%	- 3.247.000
31 Eignasjóður	- 8.055.923	- 7.385.753	-8%	1.186.000
33 Þjónustustöð	2.000.123	3.067.077	53,34%	9.759.000
55 Leiguíbúðir	806.566	884.525	9,67%	- 563.000
63 Vatnsveita	- 164.512	- 147.037	10,62%	- 200.200
69 Fráveita	456.528	98.766	-78,37%	14.200.000

Það á eftir að selja út þjónustu v. aksturs Ford bifreiðar sem skráð er á þjónustumiðstöð og deilist niður á Þjónustamiðstöð, Leikholt og akstur matar til eldri borgara. Hækkun á rekstri þjónustumiðstöðvar er því ekki jafn há og raun ber vitni sbr. töfluna hér að ofan.

Framkvæmdir:**Skeiðalaug.**

Framkvæmdir hafa verið í Skeiðalaug þetta árið og er búið að framkæma og viðhalda fyrir um 17 millj. kr. Þar af er viðhald tæpar 6 millj. kr. sem felst í endurnýjun á gólfi við gufusvæði, kaup á myndavélakerfi, endurnýjun spegla og rista við laug.

Búið er að kaupa Sauna klefa og setja upp kaldan pott. Að auki er búið að kaupa skeljar fyrir heitavatnspotta.

Framundan er svo fjárfesting í búnaði fyrir heitapotta og smíði í kringum þá auk múrviðgerða á innri veggjum í sundlaugargarði. Að því loknu verður laugin máluð.

Gatnagerð Brautarholti:

Gatnagerðarframkvæmdir í Brautarholti eru hafnar og hefur mesta vinnan farið í að færa ljósleiðaratengingar og tré. Fara framkvæmdir við gatnagerðina sjálfa af stað núna næstu daga. Gera má ráð fyrir aukakostnaði v. rangar magntöku.

Félagsheimili Brautarholts/Leikholt:

Framkvæmdir við félagsheimili Brautarholts og Leikholt fara af stað núna í júlí og verður þá gerð breyting á framhlið millibyggingar og milliloft smíðað. Búið er að kaupa glugga og tréverk í það verkefni. Framkvæmdir við lóð Leikhólts fer einnig af stað næstu misseri.

Þjósárskóli:

Í sumar verða framkvæmdir við lyftu í Þjósárskóla. Vonir standa til að hægt sé að skipta út þeim gluggum sem ekki var skipt út í fyrra en búið er að kaupa þá. Að auki þarf að mála innandyra.